



SKRIFLEG FYRIRSPURN



norden

Norðurlandaráð

E 26/2016

Fyrirspyrjandi:
Jenis av Rana

Til:
Ríkisstjórn Norðurlandanna

Málsnúmer: 16-00253-2

Til ríkisstjórna Norðurlandanna

Skrifleg fyrirspurn um kyndistöðvar sem brenna lífmassa

Umhverfislöggjöfin er ólík á Norðurlöndunum. Viðmiðunarmörk fyrir losun rykagna, köfnunarefnisoxíða, brennisteinsoxíðs og annarra þekktra efnisagna og lofttegunda eru hugsanlega mismunandi með tilliti til lagakrafna og styrkjamöguleika. Vestnorræna svæðið, ásamt norðurslóðum í heild sinni, er mjög viðkvæmt fyrir losun frá Norðurlöndunum og öðrum löndum Evrópu. Pólitísk áhersla á umhverfismál skiptir sköpum með tilliti til áframhaldandi minnkandi losunar vegna bruna eldsneytis. Norðurslóðir eru háðar traustri umhverfisslöggjöf í hinum vestræna heimi.

Kynding með lífeldsneyti er talin vera koltvísýringshlutlaus. En það eru aðrar mengandi efnisagnir og lofttegundir í lífeldsneyti. Þessir mengunarvaldar krefjast stöðugar pólitískrar athygli, þar sem lífeldsneyti á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu er stór orkulind til upphitunar og rafmagnsframleiðslu.

Með fyrirspurninni er óskað eftir vitneskju um umfang notkunar kyndistöðva sem brenna lífmassa á Norðurlöndum og hvaða löggjöf og styrkjamöguleikar eru í hverju Norðurlandanna fyrir sig.

Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlandanna:

- Hversu margar kyndistöðvar sem brenna lífmassa voru til í Danmörku/Noregi/Svíþjóð/Finnlandi og á Íslandi þann 1. janúar 2016 í eigu einkaaðila og í fyrirtækjum, með afkastagetu á bilinu:
 - 100–300 kW
 - 301–600 kW
 - 601–1.000 kW
- Hvaða viðmiðunarmörk um losun gilda í Danmörku/Noregi/Svíþjóð/Finnlandi og á Íslandi um kyndistöðvar?
- Hvaða opinberir styrkir standa þeim einkaaðilum og fyrirtækjum til boða sem kjósa umhverfisvæna kyndingu?

Þórshöfn, 5. október 2016

Jenis av Rana (Mfl.)